

TRÚ OG TÍÐ

I

Eftir því sem Snorri Sturluson segir í Heimskringlu, þá hafa breytingar á trú og tíðarfari orðið mjög samferða í Noregi, á þeim tímum er júðsk stefna og norræn, kepptu þar um yfirráðin. Árferði var betra þegar hin norræna stefna mátti betur, en spilltist þegar júðskan vann á. En á Íslandi kemur þetta fram á sérstaklega merkilegan hátt. Eins og allir vita, þá gengu Íslendingar árið 1000 undir hina júðsk-ítölsku valdastofnun, sem nefnist kaþólsk kirkja, en fleygðu frá sér átrúnaði forfeðra sinna, þó að hann væri að ýmsu leyti merkilegri en sá, sem þeir tóku í staðinn. Fullnaðarsigur vinnur hin júðska stefna þó ekki hér á landi fyrr en undir 1300; þá fyrst hefir kirkjan og trúin náð hér fullu einveldi. Og furðulegt er að sjá breytinguna, sem þá verður. Á skömmum tíma hverfur allur ljóminn af landinu þar sem verið hafði glæsilegasta fólk jarðarinnar, og þar sem hin norræna tunga, fegursta mál mannkynsins, hafði fegurst orðið. Og á skömmum tíma breytist loftslagið, svo að skógarnir kýtast og hverfa, en kornyrkja leggst alveg niður. Og jafnframt aukast svo eldgos og jarðskjálftar, að heilar sveitir fara í eyði. Er það ömurleg saga, og þjóðin hefir aldrei síðan beðið þess fullar bætur, sem þá gerðist. En þó er nú eins og dragi til stórtíðinda í þessum efnunum. Á skömmum tíma hefir aftur orðið furðuleg breyting á tíðarfarinu. Dýrin og jurtirnir hafa fljótt uppgötvað það á sína vísu. „Hjarðir þat vitu.“ Fiskar og fuglar eru að færa sig norður á bóginn, og hér á landi er aftur farið að rækta korn. Og einkennilegt er það, að breytingin hefir bráðust verið, síðan eindregin norræn og íslensk stefna var hér hafin, og að vísu íslenskari en áður,

þar sem í fyrsta skipti hefir verið bent á heimshlutverk hinnar íslensku þjóðar.

II

Mjög væri þess óskandi, að breyting sú, sem nú er að hefjast, gæti orðið sem skrykkjaminsst, og helst án vorhreta. Þjóðinni er svo mikil þörf á aukinni velmegun; en hvað tíðarfarið þýðir í þeim efnum, er kunnugra en frá þurfi að segja. Þó að fátæktin sé allsstaðar ill, þá er hún hvergi eins bagaleg og hér á landi. Hvergi fer, þegar miðað er við mannfjölda, eins mikið forgörðum af atgervi og hér, ef ekki er unnt að þrífast, fátæktar vegna. Tefja má bagalega fyrir þessari nauðsynlegu breytingu, og það má greiða fyrir henni. Breytingin til batnaðar mundi verða hröð og mikil, ef menn vildu verða, hér á landi fyrstir til að reisa sambandsstöð slíka sem hér skömmu áður hefir verið nokkuð af sagt.

III

Nú vil ég biðja menn að íhuga vel, hvað gerst hefir, síðan ofangreind orð voru rituð. Hús það í Reykjavík, sem langmest ber á, þegar siglt er inn á höfnina, er kaþólsk kirkja. Á fegursta staðnum í bænum er risin upp nokkurskonar kaþólsk háborg. Og í sumar, 23. júlí, var hér kaþólsk hátíð mikil, við almennar undirtektir bæjarbúa, þegar kirkja þessi var vígð. En þegar á daginn leið, urðu vígsluspjöll nokkur, jarðskjálfti svo mikill, að enginn man annan eins hér í Reykjavík, og virðist ekki hafa mátt miklu muna, að ekki hlytist stórtjón af. En síðan hafa hér orðið slysfarir nokkrar, með ólíkindum slysalegar. Miða atburðir þessir heldur til að styðja það mál mitt, að það sé Íslendingum ekki heillavænlegt, ef þeir aðhyllast meir það, sem er þvert frá norrænni stefnu og íslenskri, eins og hún ætti að vera. En þó mun þetta koma ennþá greinilegar í ljós á skemmtilegan hátt, þegar rétt stefna verður tekin. Munu menn síður hneigjast til að álíta, að ekki sé mark takandi á slíkum orðum mínum, ef þeir minnast þess, hve margt hefir farið líkt og ég hefi sagt að verða mundi. Og svo var um vertíðina síðustu, að hún

varð, eins og ég hafði gefið í skyn í „Vísí“, hámarks-vertíð að afla, en lágmarks að slysum. Og hiklaust segi ég það fyrir, að það verður ekki slysasamt árið það, sem stjörnu-sambandsstöðin mín verður vígð, heldur happadrjúgt með ólíkindum, og í hverri merkingu bjart yfir bæ og landi. Er orsökinn sú, að með því að reisa slíka stöð, erum vér að komast inn í framfarafélagsskap meiri og stærri, en verið hefir til á jörðu vorri. Og fyrir það verður þeim sem máttug-ir eru og velviljaðir, auðveldara um en áður, að vera með oss í verki og ráðum. Mun það í mörgu koma skemmtilega fram, að hinn skapandi kraftur nær þá betur út hingað, en fyrr hefir verið*.

Des. '29.

* Það má í þessu sambandi minna á hin illu tíðindi, sem orðið hafa í haust í Ameríku: eftir geðshræringar meiri en dæmi eru til í sögu Bandaríkjaþjóðarinnar, urðu jarðskjálftar miklu meiri en orðið hafa áður í þeim hluta álfunnar.